

Fréttabréf

6. nóvember 2020

5. bekkur Sunnulækjarskóla



Jól í skókassa

Verkefnið gekk mjög vel. Við viljum þakka ykkur öllum fyrir samvinnuna og erum stolt að tilkynna ykkur að árganginum tókst að útbúa 32 jólakassa. Við gátum ekki gengið með kassana vegna Covid en þeir komust allir heilir á leiðarenda og peningurinn. Kirkjan sendir nemendum kærar þakkir fyrir. Kassarnir verða síðan sendir til barna í Úkraínu.



Næsta vika 9. – 13. nóvember :

Fyrirkomulagið verður eins og þessi vika sem er að líða. Koma með grímu, tvöfalt nesti og góða skapið.

Smíðjur kenndar inni í tíma í hverjum bekk.

Sund og íþróttir verður áfram í formi útiveru. Koma með [regnföt](#) og auka sokka. Það spáir rigningu og slyddu í næstu viku.

Þriðjudagur: Við ætlum að horfa á leikritið Bláa hnöttinn og hafa *sparinestí*.

ATH ! ☺ Við viljum biðja foreldra að leyfa börnunum að hafa símana sína í töskunum ef það er uppbot í tíma. Þeir sem ekki eiga snjallsíma fá ípad hjá okkur.

Þessi vika hefur verið svolítið óvenjuleg. Við þökkum ykkur öllum fyrir ljúfar viðtökur í foreldraviðtölunum og góða þátttöku.

Nemendur hafa staðið sig með þryði. Þau hafa verið sjálfum sér og ykkur til sóma. Þeim gengur vel að virða grímuskyldu þar sem hún á við. Þau reyna öll eftir bestu getu að vera jákvæð. Við viljum hvetja ykkur að ræða við börnin ykkar og hlusta á þeirra vangaveltur og áhyggjur. Það skiptir miklu máli að sýna tilfinningum þeirra skilning þegar staðan er eins og hún er og muna líka að hrósa þeim.

Kær kveðja og munið að njóta helgarinnar. Ferðumst innanhúss, hlýðum Víði og verum vinir

Selma, Sigríður, Adam, Guðbjörg

Þórunn, Laufey og Haukur Páll